

Reykhólahreppur
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
Maríutröð 5a
380 Reykhólahreppur

Reykjavík, 20. júlí 2021
UST202107-187/B.S.
10.05.03

Efni: Vestfjarðavegur - Djúpadalstenging

Vísað er til bréfs Verkfræðistofunnar VSÓ fyrir hönd Reykhólahrepps þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um útfærslu á svokallaðri Djúpadalstengingu við Vestfjarðaveg. Þessi útfærsla var kynnt fulltrúa Umhverfisstofnunar á fundi 6. júlí sl. með fulltrúa Vegagerðarinnar og VSÓ.

Umhverfisstofnun vill taka fram að Vestfjarðavegur um Reykhólasveit hefur verið til umfjöllunar árum saman og er óvist að önnur vegaframkvæmd hafi verið skoðuð nánar en þessi. Ótal veglínur hafa verið skoðaðar og ýmsar útfærslur þeirra. Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrif þeirra útfærslu sem hér er lögð til séu þekkt og telur Umhverfisstofnun að þessi útfærsla sé verulega til bóta miðað við fyrri útfærslu á þessum stað þar sem ráðgert var að fara mun ofar í hlíð Hjallaháls og þvera þar gilskorning með miklum fyllingu sem hefðu orðið lýti í landi og gersamlega óþarfur krókur á leið að Djúpadal. Umhverfisstofnun telur til fyrirmynadar að skoðaðar séu leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda eins og hér er gert þótt svo nærri upphafi framkvæmda sé komið.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti einnig að skoða veglínus norðan Þorskafjarðar þar sem á Hallsteinsnesi er farin leið um fjörur þar sem raskað er vogum og víkum þar sem vegurinn að mati stofnunarinnar væri mun betur kominn á sléttum mel ofan fjörunnar. Einnig hér voru skoðaðar ótal veglínur þannig að sú útfærsla sem hér er lögð til hefur einnig fengið umfjöllun á umliðnum árum þannig að á þessum stað ættu umhverfisáhrif að vera kunn.

Umhverfisstofnu telur umrædda tilfærslu á Djúpadalstengingu til mikilla bóta og væri æskilegt að skoða frekar aðra útfærslu vegarins um fjörur við norðanverðan Þorskafjörð.

Virðingarfallst


Björn Stefansson
Sérfræðingur


Agnes Porkelsdóttir
Sérfræðingur

Afrít: Stefn Gunnar Thors, VSÓ ráðgjöf